



NaNO Fréttabréf – Október 2014

Hvað höfum við gert í september?

Námskeiðið *NaNO - ný vísindi með sjálfbærni að leiðarljósi* er farið af stað. Þátttakendur í námskeiðinu eru 19 talsins. Upphafsfundur var haldin 12. sept. sl. þar sem lagðar voru línurnar fyrir veturinn. Þátttakendur hittust aftur 29. september þar sem farið var í vettvangsferð í Sorpu. Þátttakendum úti á landi er gert kleift að sækja námskeiðið og taka þátt í gegnum AdobeConnect. Það hefur mælst mjög vel fyrir og koma þátttakendur víðs vegar af landinu, Vestmannaeyjum, Vík, Egilsstöðum, Siglufirði, Keflavík og Höfuðborgarsvæðinu. Nánar má lesa um námskeiðið á natturutorg.is/nanonamskeid.

Unnið áfram að ritstýringu efnis fyrir gagnabanka um viðfangsefni náttúruvísinda nýrrar aldar. nano.natturutorg.is.

Fyrstu menntabúðir vetrar voru haldnar mánudaginn 29. sept. sl. í Menntaskólanum í Reykjavík. Þemað var útikennsla í eðlis- og efnafræði. Um 10 kennarar mættu og skiptust á hugmyndum. Næstu menntabúðir verða 8. október nk. í Flensborgarskólanum um verklegar æfingar í líffræðikennslu. Nánari upplýsingar á menntabudir.natturutorg.is.

Lagt lokahönd á umsókn til Framkvæmdarstjórnar ESB (e. European Commission) í samstarfi við kennaramenntunarfólk í sex löndum, um verkefni sem miðar að því að gera raunvísindi og tækni aðlaðandi fyrir ungt fólk.

Sótt um styrk til Vina Vatnajökuls um gerð námsefnis um viðfangsefni Vatnajökulspjóðgarðs. Beðið er svars.

Hvað er framundan?

Ljúka við mat á námskeiðinu *Náttúruvísindi á 21. öld* og birta skýrslu.

Utanhald Menntabúða, jafningjafræðsluvettvangs kennara, heldur áfram. Stefnt er að reglulegum Menntabúðum á Höfuðborgarsvæðinu, Suðurlandi og Suðurnesjum í vetur.

Samráðsfundur náttúrufræðikennara á Vesturlandi á Haustþingi Kennarafélags Vesturlands 10. október nk.

Vinna áfram að *NaNO Gagnabanka*. Við setjum fleiri kennsluhugmyndir í bankann ásamt því að vinna að frekari útfærslu á útliti og tæknilegum atriðum. Stefnt er að því að fá til liðs við okkur starfandi kennara til að prófa verkefnið í sinni kennslu og endurbæta gagnabankann eftir ráðleggingum frá þeim.

Vinna áfram að námskeiðinu *NaNO - ný vísindi með sjálfbærni að leiðarljósi* sem stendur grunnskólakennurum til boða í vetur.

Vinna að endurmenntunarnámskeiði grunnskólakennara í Garðabæ.

Vinna NaNO hópsins er styrkt af Aldarfræðissjóði HÍ, Þróunarsjóði námsgagna, Kennslumálasjóði HÍ og Endurmenntunarsjóði grunnskóla.

Birgir U. Ásgeirsson, Ester Ýr Jónsdóttir og Svava Pétursdóttir